

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 12. des. 2024		
Tími: 14:00		
Staðsetning: Stofa A-7 aðalbyggingu		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Diljá Ámundadóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðadóttir
Mætt	Diljá Ámundadóttir, Ásbjörn Kristinsson, Pétur H. Þorkelsson, Valgerður S. Kristjánsdóttir, Logi Hjörvarsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðardóttir, Björk Þorgeirsdóttir og Ásdís Arnalds.

	Fundarefni
1.	Skólastarfið á haustönn Skólameistari fór yfir skólastarfið á haustönn. Kynntar voru upplýsingar um nýnemabrotthvarf við skólann. Listasafn Íslands og Kvennaskólinn hafa rætt um samstarfsmöguleika. Lögð var fram skýrsla um greiningu á áhættu og áfallapoli sem unnin var að beiðni Almannavarna ríkisins. Þá var einnig kynnt vinna við áætlun um öryggi og heilbrigði sem er langt komin. Greint var frá stöðunni á vinnu við varðveislu muna sem verið hafa í vörslu skólans. Farið var yfir breytingar í hópi starfsfólks um áramót. Einnig var kynnt fyrirkomulag og dagskrá húspings sem haldið var 18. október s.l.
2.	Fréttir úr félagslífi nemenda Forseti Keðjunnar greindi frá helstu viðburðum í félagslífi nemenda nú á haustönn og hvað er framundan á næstu önn.
3.	Fundargerðir kennarafunda Fundargerðir kennarafunda frá 20. september og 29. nóvember 2024 lagðar fram.
4.	Stefnumiðuð áætlun ríkisaðila Greint frá vinnu við stefnumiðuða áætlun ríkisaðila sem unnin er í tengslum við gerð rekstraráætlunar fyrir komandi ár.
5.	Útkomuspá 2024 og rekstraráætlun 2025 Lagðar fram upplýsingar um rekstrarstöðu m.v. nóvember 2024 og áætlun um niðurstöðu ársins en áfram er gert ráð fyrir halla þrátt fyrir ýmsar aðgerðir til hagræðingar. Vinna við rekstraráætlun fyrir árið 2025 stendur yfir og er ljóst að fara þarf í frekari hagræðingaraðgerðir ef takast á að ná jafnvægi í rekstri.
6.	Húsnæðismál Skólameistari lagði fram yfirlit yfir helstu viðhaldsverkefni sem unnið er að í samstarfi við FSRE.
	Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:40